

From: gunnar.n.gunnarsson@dkm.stjr.is [mailto:gunnar.n.gunnarsson@dkm.stjr.is]

Sent: 19. febrúar 2007 11:34

To: Sigrún Brynja Einarsdóttir

Subject: Dómstólafrumvarpið

Alþingi

Erindi nr. Þ 133/1091

komudagur 19.2.2007

Sæl Sigrún Brynja.

Í 5. gr. frumvarpsins undir b-lið er að finna málsgrein sem við viljum fella á brott. Er hún eftirfarandi: Dómari sem telur á sig hallað með ákvörðun dómstjóra samkvæmt þessari grein getur leitað álits dómstólaráðs um ákvörðunina. Gætirðu komið því til leiðar að þessar breytingar verði gerðar á frumvarpinu?

Þá sendist hjálagt minnisblað um ákvæði í dönskum og norskum lögum um hljóð- og myndupptökur í dómhúsum. Vinsamlegast komdu þessu skjali á framfæri við allsherjarnefnd.

Með kveðju,

Gunnar Narfi.

Minnisblað

Efni: Danskur og norskur réttur - myndatökur á þingstað

Bann við myndatöku í þinghaldi

Dönsk lög - Retsplejeloven

Ákvæðin er að finna í 2. kafla, Retsmøder.

32. (188) Det er forbudt under retsmøder(193) at optage eller transmittere billeder og lyd, (194) medmindre retten undtagelsesvis tillader dette.(195) Offentliggørelse af billeder og lyd, der er optaget i strid hermed, er forbudt. Retten kan i øvrigt på ethvert tidspunkt under sagen forbyde offentlig gengivelse af billeder og lyd, der er optaget under et retsmøde. Rettens afgørelse træffes ved kendelse.(196)

Stk. 2. Personer, der afgiver forklaring under retsmødet, skal gøres bekendt med, at der optages billeder og lyd.

Stk. 3 Billedoptagelse i rettens bygninger er forbudt, medmindre rettens præsident eller den dommer, der varetager rettens administration, giver tilladelse dertil. (197) Stk. 1, 2.-4. pkt., finder tilsvarende anvendelse.

Stk. 4.Billedoptagelse i rettens bygninger af sigtede, tiltalde og vidner, der er på vej eller fra et retsmøde i en straffesag, er forbudt, medmindre den pågældende har samtykket optagelsen. Stk. 1, 2., pkt., finder tilsvarende anvendelse.(198).

32.a. (199) Retten kan under særlige omstændigheder forbyde tegning under retsmøde. Afgørelsen træffes ved kendelse.(200)

Af 1. mgr. 32. gr dönsku greinarinnar má sjá að það er beint bann við því að taka myndir á dómþingi. Jafnframt er tekið fram að það er bannað að senda út ("transmittere") hljóð og mynd. Það er tekið fram að það þetta sé þó leyfilegt í undantekningartilfellum ef rétturinn hefur gefið leyfi til þess, sama leið er farin í íslensku lögnum.

Í 2. mgr. 32. gr. er fjallað um að sá sem gefur vitnisburð skuli látinn vita að hann sé tekið sé upp hljóð og mynd.

Í 3. mgr. 32. gr. er kveðið á um að myndbandsupptaka í dómhúsinu sé bönnuð, nema með leyfi.

Í 4. mgr. 32. gr. er gengið enn lengra en í 3. mgr., en þar er lagt bann við myndbandsupptöku (billedoptagelse) í dómhúsinu af sakborningum, dómfellum og vitnum¹, sem eru á leið til dómþings í refsiréttarhöld, nema að þeir sem í hlut eiga hafi veitt samþykki. Af þessu hlýtur því að leiða að ekki er leyfilegt að taka myndir, eða taka upp myndbönd af viðkomandi á tröppum dómhúss.

¹ sigtede, tiltalde og vidner.

32.a Í greininni er lagt bann við að undir sérstökum kringumstæðum séu teikningar jafnframt bannaðar á dómþingi. Ef deilumál kemur upp um slíkt, skal það útkljáð með úrskurði. Slíkt bann er ekki að finna í íslenska frumvarpinu.

Refsing við brotum skv. dönskum lögum

32b.(199) Overtrædelse af 29 d, 29. e, 2. pkt., og 32 a straffes med bøde. (201).

Stk. 2. Overtrædelse af et forbud efter 31 straffes med bøde.(201), hvis den pågældende vidste eller burde vide, at sagen verserede ved retten, eller at politiet efterforskede sagen, og den pågældende ikke havde forhørt sig (202) hos politiet, anklagemyndigheden eller ret om, hvorvidt det var nedlagt nafnveforbud.

32b. Greinin segir til um refsingu við brotum á ofantöldum greinum. Í 1. mgr. kemur fram að refsa skuli fyrir brot á greininum með sekt.

Norsk lög - Domstoloven

Í norskum lögum er að finna ákvæði sama efnis í Domstoloven í 7. kafla, Rettsmøter, rettsspråk, rettsferier og forsikring.

§ 131a. Domstoloven

Under forhandlingene i straffesaker er fotografering, filmopptak og opptak for radio eller fjernsyn forbudt. Det er også forbudt å fotografere eller gjøre opptak av den siktede eller domfelte på veg til eller fra rettsmøtet eller under opphold i den bygning hvor rettsmøtet holdes, om han ikke samtykker.²

Dersom særlige grunner taler for det, kan retten under hovedforhandlingen gjøre unntak fra forbudet når det ikke kan antas å ha uheldig virkning for behandlingen av saken og heller ikke andre hensyn taler avgjørende imot. Før tillatelse gis, skal partene ha anledning til å uttale seg.

Kongen kan gi nærmere regler til utfylling og gjennomføring av disse bestemmelser.

§198. ¹ Den, som under et retsmøte ² forstyrrer forhandlingen eller kommer med upassende uttalelser eller utilbørlige personlige angrep eller forøvrig krænker domstolens værdighet, eller som ikke lyder et paabud fra retten eller dens formand, ³ kan straffes med bøter. ⁴

Det samme gjelder den, som i et processkrift ⁵ kommer med fornærmelser mot retten eller med andre usømmelige uttalelser.

Med bøter straffes også den som foretar fotografering eller opptak i strid med forskriftene i §131 a, eller som offentliggjør et bilde eller opptak tatt i strid med disse forskrifter.

Straf efter denne paragraf er ikke til hinder for, at gjerningen forfølges paa sedvanlig maate, ⁶ men kommer i betragtning ved strafutmaalingen. ⁷

Í 1. mgr. 131.a norsku laganna er lagt bann við myndatöku, myndbandsupptöku, og upptöku fyrir útvarp eða sjónvarp á meðan á þinghaldi stendur í refsimáli. Þá er einnig lagt bann við

² Skoða undirstrikun, sbr. ATH hér aðeins neðar.

myndatökum af sakborningi/dómfellda í dómhúsi eða á leið til eða frá þinghaldi, nema hann samþykki slíkt sérstaklega.

ATH. Það ber að hafa í huga að í bókinni Domstolloven frá 2000 eftir Anders Bøhn segir á bls. 398 að með breytingum sem gerðar voru á lögnum í kringum þann tíma sem bókin var skrifuð hafi 131. gr. a flust yfir í 131 gr. í kjölfar breytinga á lögnum. Greinin hafi ekki breyst í sjálfu sér, heldur hafi sá hluti hennar sem snéri að því að banna myndatök til og frá þinghúsi flust í 390. gr. c í straffeloven og í kjölfarið hafi gildissvið hennar víkkað út þannig að það næði einnig til *fornæmæde* og *vitner*. Þegar greinin er skoðuð í vefútgáfu Lovdata yfir gildandi lög þá er greinin ekki eins og segir í bókinni heldur er hún eins og hér að ofan, sama á við um 390. gr. c í straffeloven, þ.e. slíkt er ekki í vefútgáfunni. Það virðist því vera að lögin í dag séu eins og 131. gr. a hér að ofan, sbr. t.d Hæstaréttardóm Noregs frá 23.03.2004, en þar er dæmd sekt eftir 131. gr. a varðandi myndatöku til og frá þingstað.³

Í 2. mgr. er að finna sams konar undantekningarreglu og í frumvarpi til laga um meðferð sakamála og í dönsku lögnum, þ.e. að dómari geti í sérstökum tilvikum heimilað myndatöku. Það eru þó sett ákveðin skilyrði fyrir því að slík undantekning sé leyfð, tekið er fram að það þurfi að vera sérstök ástæða til þess, þegar það muni ekki leiða til réttarspjalla og ef ekkert annað mælir því á móti. Í lokamálslið greinarinnar er tekið fram viðkomandi sé gefinn kostur á að tjá sig.

Í 3. mgr. 198. gr. kemur fram að refsing séu sektir.

³ Aðgengilegt á vefslóðinni:

<http://dynamic25.profu.no/pictures/144/files/DOMSARKIV/Dom%20-%20Orderudfoto%20-%20H%C3%B8vesterrett%20p%C3%A5qipelsessaken%202004.doc>